

Póst- og fjarskiptastofnun  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
B.t. Friðriks Péturssonar

Reykjavík, 1. apríl 2011

**Efni: Viðmiðunartilboð Símans hf. fyrir sýndarnetsaðgang og endursöluaðgang að farsímaneti og samningur við Tal um sýndarnetsaðgang**

Vísað er til erindis Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) dags. 10. mars sl. í erindinu var m.a. vakin athygli umbjóðanda míns á tilkynningarskyldu hans um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboðs hans vegna endursölu- og sýndarnetsaðgangs. Var þar einnig krafist skýringa hans á því hvers vegna viðmiðunartilboð hans um endursölu- og sýndarnetsaðgang höfðu verið fjarlægð af heimasíðu fyrirtækisins.

**I. Viðmiðunartilboð Símans fjarlæggt af vefsíðu**

Ástæðu þess að viðmiðunartilboð umbjóðanda míns var fjarlæggt af vefsíðu hans má í stuttu máli rekja til eftirfarandi atriða.

Við undirritun umbjóðanda míns við IP-fjarskipti ehf. (Tal) á samningi um sýndarnetsaðgang þann 8. janúar 2010 var honum ljóst að samningurinn var að vissu leyti í ósamræmi við viðmiðunartilboð hans sem lá fyrir og var birt á vefsíðu hans. Í ljósi þess að samningurinn þjónaði hagsmunum hans sjálfs og Tals og með hliðsjón af því að umbjóðandi minn hafði bæði skyldu og vilja til þess að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning, breytti hann viðmiðunartilboði sínu til samræmis við samning hans og Tals. Áttu breytingarnar sér stað á sama tíma og endanleg útgáfa fyrrgreinds samnings við Tal lá fyrir. Var jafnframt ákveðið af hálfu umbjóðanda míns að fjarlægja eldra viðmiðunartilboð af vefsíðu hans, enda ekki lengur í gildi og gaf því ekki rétta mynd af rétti viðsemjenda hans. Að lokinni undirritun samningsins var afrit hans sent PFS til upplýsingar um málavexti. Af hálfu umbjóðanda míns var talið að með því að senda afrit samningsins við Tal til PFS hefði stofnunin verið upplýst um breytt efni viðmiðunartilboðsins. Umbjóðandi minn harmar það hins vegar að breytt útgáfa viðmiðunartilboðsins hafi ekki verið birt á sama tíma á vefsíðu hans. Þá var viðmiðunartilboð umbjóðanda míns um endursöluaðgang ekki heldur birt á vefsíðu hans í kjölfar tvennra breytinga sem gerðar voru á því og raktar eru síðar í bréfi þessu.

Athygli skal vakin á því að umbjóðandi minn hefur ekki á nokkurn hátt reynt að dylja það fyrir PFS hvert efni samnings hans og Tals er, enda var stofnunin upplýst um efni margnefnds samnings hans og Tals í kjölfar undirskriftar hans. Þá er ljóst að samningurinn er til hagsbóta fyrir báða aðila og er umbjóðandi minn því fullkomlega reiðubúinn og hlynntur því að bjóða öðrum samkeppnisaðilum sams konar samning. Hefur hann raunar þegar gert tveimur samkeppnisaðilum sams konar tilboð. Hafi hvarf viðmiðunartilboðanna af vefsíðu umbjóðanda míns í raun leitt til þess að aðrir aðilar hafi ekki verið upplýstir um raunverulegan rétt sinn við rekstur sýndarnets í samstarfi við hann, er ljóst að umbjóðandi minn hefur borið af því tjón en ekki haft af því hag. Má því ljóst vera að vanræksla á birtingu gildandi viðmiðunartilboða á vefsíðu umbjóðanda míns var fjarri því að vera af ásetningi eða í vondri trú.

## **II. Breytingar á viðmiðunartilboði Símans hf. um sýndarnetsaðgang**

Í erindi PFS var þess beiðst að skýrt yrði frá þeim breytingum sem gerðar hafa verið á viðmiðunartilboði hans fyrir sýndarnetsaðgang frá eldri útgáfu tilboðsins. Þær breytingar eru sem hér greinir. **Í upphafi skal það þó nefnt að af hálfu umbjóðanda míns er áskilinn fullur trúnaður um alla umfjöllun um viðauka 1 við samninginn.** Erú upplýsingarnar aðeins látnar PFS í té undir þeim formerkjum og lögð á það rík áhersla að sá trúnaður verði virtur.

### **Gr. 1.6 – Skilgreiningar**

Í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans hljóðaði liður cc þannig:

„Innannetssímtal: Símtal sem á sér upphaf og endi í sýndarneti viðsemjanda.“

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins hljóðar liðurinn þannig:

„Innannetssímtal: Innankerfissímtal eru öll símtöl sem eiga upphaf og lúkningu á farsímakerfi Símans. Símtal milli Símans og viðsemjanda telst innankerfissímtal.“

Í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans hljóðaði liður ee þannig:

„Lúkning símtals: Símtal sem á upphaf í öðru fjarskiptaneti en er lokið í sýndarneti viðsemjanda. Símtal sem er lokið í sýndarneti viðsemjanda er gjaldfært samkvæmt gjaldskrá Símans fyrir lúkningu hverju sinni.“

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins er liður ee svohljóðandi:

„Lúkning símtals: Símtal sem á upphaf í öðru fjarskiptaneti en farsímaneti Símans en er lokið í sýndarneti viðsemjanda. Símtal sem er lokið í sýndarneti viðsemjanda er gjaldfært samkvæmt gjaldskrá viðsemjanda fyrir lúkningu hverju sinni.“

Um skýringar og rök fyrir ofangreindum breytingum vísast til bréfs umbjóðanda míns til PFS dags. 7. mars sl.

### **Gr. 5.1.2 Gjaldfærsla símtala**

2. mál. gr. 5.1.2 í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans var svohljóðandi:

„Gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet er í samræmi við heildsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja, þ.m.t. Símans.“

Sami mál. í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðs umbjóðanda míns hljóðar þannig eftir breytingu:

„Gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet er í samræmi við heildsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja.“

### **Viðauki 1**

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað frá ákvæðum um verð í eldra viðmiðunartilboði umbjóðanda míns og sömu ákvæðum nýrrar útgáfu þess. Erú þær breytingar sem hér greinir.

#### **2.1 Aðgangsgjald**

Ákvæði greinarinnar hljóðaði áður þannig:

„Viðsemjandi skal greiða [REDACTED] óafturkræft, sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.“

Eftir breytingu á viðmiðunartilboðinu er ákvæðið hins vegar svohljóðandi:

#### **2.2 Árgjöld (áður gr. 2.1)**

Í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs umbjóðanda míns hljómar ákvæði gr. 2.2 (áður gr. 2.1) þannig:

|                                        |  |
|----------------------------------------|--|
| Tilkynningar um staðsetningu SIM korts |  |
| Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort    |  |
| Gagnaflutning pr. SIM kort             |  |

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans er ákvæði gr. 2.2 þannig:

|                                        |  |
|----------------------------------------|--|
| Tilkynningar um staðsetningu SIM korts |  |
| Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort    |  |
| Árgjald pr. SIM kort                   |  |

Verð samkvæmt eldra viðmiðunartilboði Símans eru þau verð sem Síminn lagði upp með á grundvelli kostnaðargreiningar sinnar. Verð samkvæmt núgildandi viðmiðunartilboði umbjóðanda míns eru þau verð sem PFS kvað á um í yfirferð sinni á kostnaðargreiningu Símans sem birt var á síðastliðnu sumri.

2.2 (sic) Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Ákvæði gr. 2.2 í viðauka 1 í eldra viðmiðunartilboði Símans hljómaði áður þannig:

|                             |  |
|-----------------------------|--|
| <b>Verð</b>                 |  |
| Upphafsgjald pr. mínútu     |  |
| Innankerfisgjald pr. mínútu |  |
| SMS pr. skeyti              |  |
| MMS pr. skeyti              |  |
| GPRS pr. Mbyte              |  |

Tafla 2

\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

„Fyrir símtöl sem fara um skiptistöðvar Símans, er auk ofangreindra gjalda innheimt umflutningsgjald (transit-gjald) í samræmi við gildandi samtengisamning.

Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet, þ.m.t. farsímanet Símans, fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu á hverjum tíma.“

Í núgildandi mynd viðmiðunartilboðs Símans er sama ákvæði svohljóðandi:

|                                       |  |
|---------------------------------------|--|
| <b>Verð</b>                           |  |
| Upphafsgjald pr. mínútu (origination) |  |
| Innankerfisgjald pr. mínútu           |  |
| SMS pr. skeyti (origination)          |  |
| MMS pr. skeyti                        |  |
| GPRS pr. Mbyte                        |  |

## Tafla 2

\*Mínútuverð fyrir símtal sem á upphaf hjá viðskiptavini viðsemjanda og lýkur hjá öðru fjarskiptaneti en farsímaneti Símans.

\*\* Ekki er gjaldfært fyrir lúkningu símtala milli viðskiptavina annars vegar viðsemjanda og hins vegar Símans, þar sem símtal á bæði upphaf (origination) og lúkningu (termination) á farsímakerfi Símans. Slík símtöl eru talin innankerfissímtöl. Skilgreining á innankerfissímtali eru öll símtöl sem eiga upphaf og lúkningu á farsímakerfi Símans.

\*\*\* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Verð samkvæmt eldra viðmiðunartilboði Símans eru þau verð sem Síminn lagði upp með á grundvelli kostnaðargreiningar sinnar. Verð samkvæmt núgildandi viðmiðunartilboði umbjóðanda míns eru þau verð sem PFS kvað á um í yfirferð sinni á kostnaðargreiningu Símans sem birt var á síðastliðnu sumri.

Það athugast að númer ákvæðisins ætti réttilega að vera 2.3 í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins.

### 2.3 Önnur gjöld

Í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans hljómaði ákvæði 2.3 þannig:

#### „2.3 Viðbótarþjónusta

Viðsemjanda er heimilt að óska eftir viðbótar afurðum/þjónustu frá Símanum. Í slíkum tilvikum þarf að semja sérstaklega um greiðslu kostnaðar.“

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins er ákvæðið hins vegar svohljóðandi:

#### 2.3 Önnur gjöld

|                                            |  |
|--------------------------------------------|--|
| Athugun á inneign á Frelsi pr. mín eða SMS |  |
| Verð pr. SIM kort                          |  |

### 3. Annar kostnaður vegna breytinga

Í lok ákvæðis 3. gr., sem ber titilinn „Annar kostnaður vegna breytinga“, bætist við eftirfarandi setning í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins:

„Sá kostnaður sem vísað er til í ákvæði þessu skal vera eðlilegur, sannanlegur og í samræmi við viðkomandi breytingar.“

### 4. Markaðsstuðningur

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins bætist við svohljóðandi ákvæði:

„Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt

Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.

| Originated mínútur á ári | Markaðsstuðningur kr. |
|--------------------------|-----------------------|
| >                        |                       |
|                          |                       |

|  |  |
|--|--|
|  |  |
|--|--|

*Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga. "*

Samkvæmt ofangreindu ákvæði tekur Síminn þátt í markaðskostnaði viðsejanda síns við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans. Greiðir umbjóðandi minn þannig viðsejendum sínum árlega eingreiðslu fyrir umferð sem endar í neti hans, allt að [REDACTED] árlega. Skilyrði þess að fá greiðslu skv. ofangreindu er að viðsejandi hafi lagt út fyrir a.m.k. [REDACTED] sem nemur markaðsstuðningi í auglýsingar sem miðast að því að auka umferð í farsímanetinu. Ekki var kveðið á um slíkan markaðsstyrk í eldra viðmiðunartilboði umbjóðanda míns. Það skal tekið fram að álíka ákvæði um markaðsstyrk er að finna í viðmiðunartilboði TDC A/S.

Útlendasímtöl

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins bætist við svohljóðandi ákvæði:

*„4. Útlendasímtöl*

*Ef viðsejandi óskar eftir aðgangi að útlendasímtölum taka verð mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsejanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingarnar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.“*

5. Erlent reiki

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins bætist við svohljóðandi ákvæði:

*„5. Erlent reiki*

*Viðsejandi getur fengið aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS.“*

Viðauki 3

1.4 Erlent reiki

Í lok 1. ml. bætist við eftirfarandi orðalag í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins:

*„fyrir tal, SMS og GPRS.“*

Viðauki 4

1.1 Áætlanir og undirbúningur samtenginga

Í eldri útgáfu viðmiðunartilboðs Símans hljóðaði fyrsti ml. gr. 1.1 þannig:

*„Áður en til sýndarnetsaðgangs viðsejanda getur komið þarf hann að leggja fram ítarlega og sundurliðaða áætlun um tæknilega samtengingu og samhæfingu kerfa sinna við farsímanet Símans og óskir um prófanir sem því fylgja.“*

Í nýrri útgáfu viðmiðunartilboðsins hljómar fyrsti ml. gr. 1.1 þannig:

*„Áður en til sýndarnetsaðgangs viðsejanda getur komið þarf Síminn og viðsejandi að leggja fram ítarlega og sundurliðaða áætlun um tæknilega samtengingu og samhæfingu kerfa viðsejanda við farsímanet Símans og óskir um prófanir sem því fylgja.“*

II. Breytingar á viðmiðunartilboði Símans hf. um endursöluaðgang að farsímaneti þær breytingar sem gerðar hafa verið á viðmiðunartilboði umbjóðanda míns fyrir endursöluaðgang frá eldri útgáfu tilboðsins eru sem hér greinir, það skal bó nefnt að nýju að af hálfu umbjóðanda míns er áskilinn fullur trúnaður um eftirgreindar breytingar, en þær er að finna í viðauka 1 við samninginn, þar sem kveðið er á um verð. Eru upplýsingarnar aðeins látnar PFS í té undir þeim formerkjum og lögð á það rík áhersla að sá trúnaður verði virtur.

#### Viðauki 1

Eftirfarandi ákvæðum var bætt við nýja útgáfu viðmiðunartilboðs Símans:

#### 2.1 Aðgangsgjald

„Viðsemjandi skal greiða eftir [REDACTED], sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.“

Ofangreint ákvæði féll út við birtingu á eldra viðmiðunartilboði Símans. Hafði PFS hins þegar tekið afstöðu til ákvæðisins í yfirferð sinni á kostnaðargreiningu umbjóðanda míns.

#### 3 Símtöl á milli viðsemjanda

„Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjanda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi [REDACTED] pr. mínútu. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir [REDACTED] pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.“

Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina viðsemjanda í farsímakerfi Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. gr. 2.3.

Símtöl frá viðskiptavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. gr. 2.3.“

#### 4. Markaðsstuðningur

„Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram [REDACTED] á móti, allt að [REDACTED] árlega.“

| Originated mínútur á ári | Markaðsstuðningur kr. |
|--------------------------|-----------------------|
| [REDACTED]               | [REDACTED]            |
| [REDACTED]               | [REDACTED]            |
| [REDACTED]               | [REDACTED]            |

Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga.“

Í niðurlagi gr. 6 var eftirfarandi bætt við:

„Sá kostnaður sem vísað er til í ákvæði þessu skal vera eðlilegur, sannanlegur og í samræmi við viðkomandi breytingar.“